



Skýrsla Fjármála- og áhættustýringarsviðs

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2021

Lagt fram í borgarráði
22. apríl 2022

Borgarráð

Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2021 samanstendur af samanteknum reikningi A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Jafnlaunastofa sf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs., Strætó bs og Þjóðarleikvangur ehf. auk Aflvaka hf. Enginn rekstur er hjá Aflvaka hf. Rekstur Slökkviliðs, Strætó og Þjóðarleikvangs er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþrótt- og sýningahallarinnar og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Jafnlaunastofa sf. hóf rekstur undir lok árs og er fjármöguð með framlögum frá eigendum. Félagið er í helmingseigu Reykjavíkurborgar. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Rekstrarniðurstaða samantekins ársreiknings Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 23.402 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að reksturinn yrði neikvæður um 3.302 m.kr. sem var 26.705 m.kr. betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Afkoma samantekins ársreiknings A- og B-hluta var 26.196 m.kr. hærri árið 2021 heldur en hún var árið 2020.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 3.850 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 11.947 m.kr. Niðurstaðan var því 8.098 m.kr. betri en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 2.495 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 10.559 m.kr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 8.063 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 9.872 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 19.670 m.kr. og var niðurstaðan því um 9.798 m.kr. betri en áætlað var

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 6.023 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 7.723 m.kr. og niðurstaðan því 1.700 m.kr. lakari en áætlað var.

Helstu breytingar: Reikningsskil byggðasamlaga og sameignarfélaga í meirihlutaeign Reykjavíkurborgar eru færð inn í samantekin reikningsskil Reykjavíkurborgar miðað við hlutfallslega ábyrgð borgarinnar í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 1212/2015, samanber reglugerð nr. 230/2021. Breytingarnar tóku gildi frá og með 1. janúar 2021. Áður voru reikningsskil byggðasamlaga og sameignarfélaga að fullu færð inn í samantekin reikningsskil Reykjavíkurborgar. Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu en veltutölur lækka. Áhrifin á samantekinn efnahagsreikning eru að heildareignir og heildarskuldir lækka þar sem áður voru heildareignir og heildarskuldir ofangreindra fyrirtækja færðar að fullu inn í samantekinn efnahagsreikning. Eigið fé samtals lækkar sem nemur hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga ofangreindra fyrirtækja. Samanburðarfjárhæðum fyrra árs og fjárhagsáætlunar 2021 hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu en samanburðarfjárhæðum eldri tímabila hefur ekki verið breytt.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2021 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum með áherslu á myndræna framsetningu. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjörsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa. Með skýrslunni fylgja greinargerðir um Aðalsjóð, fagsvið og Eignasjóð og um B-hluta fyrirtæki.


Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarviðs

Efnisyfirlit

1.	Samantekinn reikningur A- og B-hluta.....	3
1.1.	Rekstur A- og B-hluta	3
1.2.	Efnahagur A- og B-hluta	6
1.3.	Sjóðstreymi A- og B-hluta	7
1.4.	Fjármálareglur sveitarfélaga	8
2.	A-hluti.....	13
2.1.	Rekstur A-hluta	13
2.2.	Efnahagur A-hluta	17
2.3.	Sjóðstreymi A-hluta.....	20
2.4.	Fjármagnsliður A-hluta.....	23
2.4.1.	Skulda- og áhættustýring	26
2.4.2.	Aðgerðir fjármála- og áhættustýringarsviðs til að bæta fjárstýringu A-hluta.....	26
2.5.	Skattspor A-hluta	28
	Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur.....	29
	Viðauki 2: Lánveitendur A- og B-hluta	33
	Viðauki 3: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið	34
	Viðauki 4: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum	35

1. Samantekinn reikningur A- og B-hluta



1.1. Rekstur A- og B-hluta




Rekstrarniðurstaða samantekins reiknings A- og B-hluta var jákvæð um 23,4 ma.kr. sem var 26,7 ma.kr. betri niðurstaða en áætlað var.

Grunnrekstur A- og B-hluta, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 41,8 ma.kr. í afgang sem var um 11,7 ma.kr. yfir áætlun og 9,3 ma.kr. betri niðurstaða en árið 2020. Það eru einkum útsvarstekjur sem leiða vöxt tekna þar sem fjöldi starfandi og atvinnuþátttaka hefur aukist á undanförunum mánuðum auk þess sem launavísitala hefur hækkað umtalsvert. Vöxtur annarra tekna var í takt við áætlun.

Tekjur ársins voru 7,8 ma.kr. yfir áætlun eða 4% en tekjurnar voru 16,8 ma.kr. eða 9% hærri en á árinu 2020. **Rekstrargjöld** að meðöldum afskriftum voru 4,5 ma.kr. innan fjárheimilda en rekstrargjöldin jukust um 8,4 ma.kr. milli ára.




Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta árið 2021 og frávik frá áætlun með viðaukum (m.kr.)




Skatttekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði voru 7,4 ma.kr. yfir áætlun, þar af var staðgreiðsla útsvars 6,2 ma.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir eða 6,9%. Hækkun útsvars má einkum rekja til að launavísitala hækkaði um 8,3% milli ára en forsendur fjárhagsáætlunar gerðu ráð fyrir að laun myndu hækka um 5,2%. Auk þess fjölgaði starfandi í Reykjavík um 2% milli ára. **Laun og launatengd gjöld** voru 4 ma.kr. yfir áætlun en **annar rekstrarkostnaður** var 4,7 ma.kr. en áætlun gerði ráð fyrir og afskriftir voru 0,2 ma.kr. innan fjárheimilda. Góð ávöxtun eigna lífeyrissjóðs LsRb ásamt meiri verðbólgu en reiknað var með leiddi til 0,2 ma.kr. tekjufærslu vegna lífeyrisskuldbindingar. **Matsbreytingar fjárfestingaeigna** Félagsbústaða voru 19,4 ma.kr. hærrí en áætlað hafði verið.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld A- og B-hluta árið 2021 (m.kr.)




Fjármagnsliðurinn var neikvæður um 12,9 ma.kr. þar af námu vaxtagjöld og verðbætur 20,2 ma.kr. Á meðal vaxtagjalda og verðbóta er 2,6 ma.kr. gjaldfærsla vegna uppgjörs gjaldmiðlaskiptasamninga OR við Glitni. Jákvæður gengismunur nam 1,7 ma.kr. en krónan styrktist um 2,5% á árinu. Álverð hækkaði um 40% á árinu sem leiddi til 6,6 ma.kr. hækkunar á innbyggðri álafleiðu í raforkusölusamningum. Í áætlun var gert ráð fyrir að fjármagnsliðir yrðu neikvæðir um 9,6 ma.kr. Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,8% á meðan fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 2,7% hækkun.

Matsbreyting fjárfestinga



Matsbreyting fjárfestingareigna, sem er verðbreyting á þeim fasteignum Félagsbústaða sem ætlaðar eru til útleigu, er liður sem fylgir fasteignamati og getur sveiflast mikið eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Matsbreytingar fjárfestinga Félagsbústaða á árinu 2021 námu 20,1 ma.kr. sem endurspeglar hækkun fasteignamats á tímabilinu febrúar 2020 til febrúar 2021 umfram vísitölhækkun febrúar 2020 til áramóta 2020 og hækkun vísitölu frá febrúar 2021 og til áramóta 2021.

Álafleiða OR og gengismunur OR




Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (álafleiðan) og gengismunur hjá OR hafa jafnan mikil áhrif á fjármagnslið samstæðunnar eins og myndin hér að ofan sýnir. Í ár nam tekjufærsla vegna þeirra í samstæðunni um 8,3 ma.kr.

1.2. Efnahagur A- og B-hluta

Efnahagur A og B-hluta (m.kr.)	31.12.2021	31.12.2020	Breyting	%
Fasteignir og lóðir	158.788	149.740	9.048	6,0%
Veitukerfi	352.484	327.723	24.762	7,6%
Fjárfestinga eignir	123.732	99.050	24.682	24,9%
Götur	29.421	25.295	4.126	16,3%
Aðrir fastafjármunir	22.931	21.025	1.906	9,1%
Langtímakröfur	10.262	20.206	-9.944	-49,2%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	9.300	9.693	-392	-4,0%
Veltufjármunir án handb.fjár	53.224	41.718	11.505	27,6%
Handbært fé	30.424	26.319	4.105	15,6%
Eignir samtals	790.566	720.769	69.798	9,7%
Eigið fé	383.264	337.795	45.469	13,5%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	35.025	37.593	-2.568	-6,8%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	2.344	2.283	61	2,7%
Aðrar skuldbindingar	21.023	17.146	3.877	22,6%
Langtímalán	280.563	256.770	23.793	9,3%
Leiguskuldir	11.536	11.893	-357	-3,0%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	21.046	20.578	468	2,3%
Aðrar langtímaskuldir	1.264	5.480	-4.216	-76,9%
Fyrirfram innborganir	1.951	656	1.295	197,3%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb.	32.550	30.575	1.976	6,5%
Skuldir og skuldbindingar samtals	407.302	382.974	24.328	6,4%
Skuldir og eigið fé samtals	790.566	720.769	69.798	9,7%

Hækkun eigin fjár skýrist auk 23,4 ma.kr. hagnaðar aðallega af endurmati á framleiðslu- og veitukerfum OR að frádregnum tekjuskattsáhrifum sem fer beint á eigið fé um 15,9 ma.kr. auk um 3,7 ma.kr. endurmats þeirra lóða og lenda¹ A-hluta sem lóðarleiga reiknast af. Þýðingarmunur vegna eigna OR sem gerðar eru upp í erlendum gjaldmiðlum og nam 1,3 ma.kr. og kemur einnig til hækkunar á eigin fé.



¹ Endurmatið er í samræmi við álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 2/2010.

Hreinar skuldir eru skilgreindar sem allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum langtímafröfum á eigin fyrirtæki, fyrirframgreiddum kostnaði (langtíma), öðrum langtímafröfum og veltufjármunum.


Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímafröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.

Hreinar vaxtaberandi skuldir jukust um 21 ma.kr. milli ára en hreinar skuldir jukust um 10 ma.kr. ástæðan á þessum mun er einkum að um 6 ma.kr. eign OR í Landsneti er nú flokkuð meðal veltufjármuna sem eign til sölu þar sem lög² kveða á um að eignarhald flutningsfyrirtækja raforku skuldi vera í beinni eignaraðild ríkis og/eða sveitarfélaga eftir 1. júlí n.k. og um 5,6 ma.kr. lækkun á skuld vegna innbyggðrar afleiðu í raforkusamningum og áhættuvarnarsamninga þar sem álverð hækkað um 40% á árinu 2021.


Hækkun hreinna vaxtaberandi skulda milli ára má einkum rekja til nýrra lána umfram afborganir hjá A-hluta og meiri verðbólgu.

Áhrifin af breytingu á reglugerð 1212/2015 fyrir árið 2020 eru að skuldirnar dragast lítillega saman en áhrifin eru meiri á tekjurnar sem rekja má til að töluverðu leiti til þess að byggðarsamlögin voru tiltölulega skuldlítil árið 2020.

1.3. Sjóðstreymi A- og B-hluta




Handbært fé hækkaði á árinu um 4,1 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum greiddum gatnagerðargjöldum og seldum byggingarrétti námu 33,8 ma.kr. Lántaka og ný stofnframlög námu 41,9 ma.kr. á árinu og afborganir lána og leiguskulda námu 26,1 ma.kr.



² Raforkulög og stofnun Landsnets nr. 74/2021, grein 19.


Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til vaxtar og viðhalds eigna. Miklar greiðsluskuldbindingar og fjárfestingarþörf A- og B-hluta kalla á hátt hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum.



Greiðslugeta A- og B-hluta til að standa undir afborgunum lána og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur. Myndin sýnir að veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur standa ekki undir fjárfestingum nema að hluta.

1.4. Fjármálareglur sveitarfélaga

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025 til að liðka fyrir möguleikum sveitarfélaganna að grípa til viðspyrnu og sóknar í stað samdráttaraðgerða.




Jafnvægisregla og jafnvægisviðmið

Skv. 64. gr. sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærra en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga segir að orku- og veitufyrirtæki skuli ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu við

eftirgreindar aðstæður: Ef heildarútgjöld allra veitu- og/eða orkufyrirtækja sem færð eru í B-hluta eru umfram 15% af heildarútgjöldum A- og B-hluta í reikningsskilum sveitarfélags eða ef heildarskuldir og skuldbindingar eru umfram 30% af heildarskuldum og skuldbindingum skal undanskilja reikningsskil viðkomandi veitu- og/eða orkufyrirtækja frá útreikningum á viðmiðum skv. 13. og 14. gr. reglugerðar þessarar.

Þar sem þetta á við um Orkuveitu Reykjavíkur í A- og B-hluta Reykjavíkurborgar ber að undanskilja hana í jafnvægisviðmiði borgarinnar.



Skuldaregla og skuldaviðmið

Skv. 64 gr. sveitarstjórnarlaga skulu skuldir og skuldbindingar samstæðu sem hlutfall af reglubundnum tekjum vera innan við 150% og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga með áorðnum breytingum skv. reglugerð nr. 458/2018 segir að orku- og veitufyrirtæki skuli ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu við eftirgreindar aðstæður: Ef heildarútgjöld allra veitu- og/eða orkufyrirtækja sem færð eru í B-hluta eru umfram 15% af heildarútgjöldum A- og B-hluta í reikningsskilum sveitarfélags eða ef heildarskuldir og skuldbindingar eru umfram 30% af heildarskuldum og skuldbindingum skal undanskilja reikningsskil viðkomandi veitu- og/eða orkufyrirtækja frá útreikningum á viðmiðum skv. 13. og 14. gr. reglugerðar þessarar.

Þar sem þetta á við um Orkuveitu Reykjavíkur í A- og B-hluta Reykjavíkurborgar ber að undanskilja hana í skuldaviðmiði borgarinnar.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A- og B-hluta Reykjavíkurborgar síðastliðin 5 ár³.

A- og B-hluti	2017*	2018*	2019*	2020	2021
Eiginfjárlutfall	48,9%	49,4%	49,9%	46,9%	48,5%
Arðsemi eigin fjár	12,1%	4,7%	3,5%	-0,7%	7,2%
Veltufjárlutfall	1,10	1,12	1,14	1,26	1,44
Langtímaskuldir/eigið fé	71,5%	70,3%	70,5%	81,2%	76,5%
Uppgreiðslutími	7	6	7	11	12
Skuldaviðmið skv sveitarstj lögum**	67%	73%	79%	89%	93%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	19%	23%	20%	14%	13%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	23%	24%	21%	18%	21%

* Óbreytt skv. eldri útgáfu af reglugerð 1212

** Skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum miðast við samstæðuna án Orkuveitu Reykjavíkur

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

³ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum ársreikningum fyrri ára.

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var jákvæð um 23,4 ma.kr. sem var 26,7 ma.kr. yfir áætlun. Mesta frávikið var í matsbreytingu fjárfestingaeigna Félagsbústaða sem var 19 ma.kr. yfir áætlun auk þess sem hækkun álverðs á tímabilinu leiddi til tæplega 6,6 ma.kr. tekjufærslu vegna álafleiðu.
- Reikningsskil byggðasamlaga og sameignarféлага í meirihlutaeign Reykjavíkurborgar eru í þessum árshlutareikningi færð inn í samantekin reikningsskil Reykjavíkurborgar miðað við hlutfallslega ábyrgð borgarinnar í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 1212/2015, samanber reglugerð nr. 230/2021. Breytingarnar tóku gildi frá og með 1. janúar 2021. Sjá nánar í skýringu 3 í árshlutareikningi.
- Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.
- Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 3,9 ma.kr. og var 8,1 ma.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir. Staðgreiðsla útsvar var 6,2 ma.kr. yfir áætlun. Þetta stafar af batnandi tölum af vinnumarkaði auk þess sem að launavísitalan hefur hækkað meira en forsendur Hagstofu gerðu ráð fyrir. Launavísitalan hækkaði um 8,3% en forsendur fjárhagsáætlunar gerðu ráð fyrir að laun myndu hækka um 5,2%. Þá hefur fjöldi starfandi aukist um 2% á árinu 2021. Góð ávöxtun hjá lífeyrissjóði LsRb ásamt hærri verðbólgu leiddi til að breyting lífeyrisskuldbindinga var 3,7 ma.kr. undir áætlun og reyndist 212 m.kr. tekjufærsla. Á móti voru rekstrarútgjöld A-hluta 3,2 ma.kr. yfir fjárheimildum.
- Rekstrarniðurstaða Félagsbústaða nam 18,5 ma.kr. sem einkum má rekja til matsbreytinga fjárfestingaeigna. Við mat á verðmæti eigna Félagsbústaða er annars vegar stuðst við fasteignamat íbúða félagsins sem miðast við verðlag í febrúar 2021 og hins vegar er miðað við 11,5% hækkun vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar til september. Í því felst sú forsenda að verðmæti eigna félagsins fylgir þessari vísitölu. Reynist raunin önnur getur það kallað á leiðréttingu á mati á eignasafnsins við útgáfu næsta fasteignamats.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu Félagsbústaða vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBIT) sem jókst um 5,5% á milli ára, en tekjur hækkuð um 9,9% á meðan rekstrargjöld hækkuðu um 13,7%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysliverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, sendi Innviðaráðuneytinu, ráðuneyti sveitarstjórnarmála, fyrirspurn dags. 13. október 2021 um innleiðingu Alþjóðlegra reikningsskilastaðla (e. International Accounting Standards) vegna kvörtunar sem stofnuninni barst þann 23. ágúst 2021. Í kvörtuninni er sérstaklega vísað til reikningsskila Félagsbústaða hf. og meðhöndlunar á fjárfestingaeignum félagsins. Fyrirspurninni var svarað þann 17. desember 2021. Viðbótarfyrirspurn ESA dags. 3. feb. 2022 er til meðhöndlunar hjá ráðuneytinu.
- Rekstrarniðurstaða OR nam 12 ma.kr. og hækkar um 6,4 ma.kr. frá fyrra ári. Þar vegur þyngst hærra álverð sem hefur hækkað um 40% frá áramótum og leiddi til 6,6 ma.kr. tekjufærslu vegna álafleiðu. Grunnrekstur OR (EBITDA) hækkar á milli ára um 4.056 m.kr. eða um 13,8%. Hækkunina má að mestu rekja til þess að rekstrartekjur hækkuðu um 3,3 ma.kr. vegna aukna tekna af raforkusölu sem tengd er álverði, auk aukinni tekna hjá Ljósleiðaranum og Veitum. Auk þess hefur tekist að lækka rekstrarkostnað um 623 m.kr.
- Tap af rekstri Strætó nam 439 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 293 m.kr. afgangi. Þessi mikli munur skýrist af væntingum fyrirtækisins um aukið rekstrarframlag frá ríkinu vegna áhrifa heimsfaraldurs Covid-19 á reksturinn. Ríkið hefur veitt Strætó sérstakan styrk vegna heimsfaraldurs upp á 120 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 900 m.kr.
- Farþegafjöldi hjá Strætó árið 2019 var 22% meiri en árið 2021 þannig að enn vantar nokkuð upp á að farþegafjöldi verði sá sami og hann var fyrir heimsfaraldur. Þó fjölgaði farþegum síðustu mánuði ársins 2021. Fargjaldtekjur farþega stóðu undir 22% tekna Strætó en eigendastefna gerir ráð fyrir 40%.

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:









- Rekstur A-hluta Reykjavíkurborgar var neikvæður á árinu 2021. Samþykkt hefur verið til bráðabirgða breyting á sveitarstjórnarlögum og er sveitarstjórn heimilt að víkja frá skilyrðum 1. og 2. töluliðar 2 m.gr. 64 gr. við stjórn sveitarfélagsins árin 2020-2025.⁴ Þessi skilyrði varða jafnvægis- og skuldareglu sveitarfélaga.
- Í borgarreknum leik- og grunnskólum er raunkostnaður í öllum tilvikum umfram fjárheimildir ef undanskilinn er einn grunnskóli, Ölduselsskóli. Allir skólarnir eru með meira en 1,1% frávik og fara upp í tæplega 31,4% frávik. Stjórnendur SFS fóru yfir stöðuna og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á fundi borgarráðs við framlagningu á árshlutareikningi Reykjavíkurborgar janúar-september 2021. Mikilvægt er að stjórnendur sviðsins haldi markvisst utan um aðgerðirnar sem

⁴ Lög nr. 25 2020 lög um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru og lög nr. 22 2021 lög um breytingu á ýmslum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga (sveitarfélög og kórónuveirufaraldur).

þegar hafa verið skipulagðar þannig að rekstur stofnana á árinu 2022 verði innan fjárheimilda. Vísað er í skyldur sviðstjóra sbr. ákvæði 3.4 í reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

- Nýtt grunnskólalíkan var samþykkt í borgarráði þann 30. september 2021. Samþykkt var að reynslutímabil líkansins yrði til tveggja ára eða rekstrartímabilið 1. jan. 2022 til 31. des. 2023 og voru fjárheimildir auknar um 1.546 m.kr. sem felur í sér fulla fjármögnun á áætluðum rekstri grunnskóla Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022 skv. líkaninu og forsendum þess. Samþykktin felur í sér áherslu á að grunnskólar Reykjavíkur sem fá úthlutað fjármagni með hliðsjón af forsendum reiknilíkansins hagi rekstri innan fjárheimilda og í jafnvægi á tímabilinu. Takist það verði litið framhjá útgjöldum ársins 2021 sem eru umfram fjárheimildir og ekki hægt að rekja til óhagstæðra ytri skilyrða sbr. Reglur Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar. Að öðrum kosti taki stofnanir með sér halla sem er utan óhagstæðra ytri skilyrða árið 2021 yfir á árið 2024. Samhliða nýju líkani voru samþykktar reglur um framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá SFS, rekstraruppgjör, eftirlit og ferla. Mikilvægt er að eftirlit, upplýsingagjöf og viðbrögð við frávikum í rekstri verði fylgt fast eftir í samræmi við ofangreindar samþykktir. Sviðstjórar fjármála- og áhættustýringarsviðs og skóla- og frístundasviðs hafa sett af stað sambærilega vinnu við endurskoðun á úthlutunarlíkani leikskóla.
- Heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 16.440 m.kr. en tekjur námu aðeins 9.385 m.kr. Heildarniðurstaða var því neikvæð um 7.055 m.kr. Er þá samantekin þjónusta Velferðarsviðs við fatlaða á grundvelli yfirfærslunnar, þjónusta Velferðarsviðs vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, þjónusta Skóla- og frístundasviðs vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og þjónusta Íþróttá- og tómtundasviðs við fötluð ungmenni á vegum Hins hússins. Sjá nánar í sundurliðun um fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið í viðauka 3 í greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs með ársreikningi Reykjavíkurborgar 2021.
- Nettó útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur af daggjöldum námu 337 m.kr. árið 2021. Daggjöld ríkisins vegna hjúkrunarheimila miða við að ríkið hafi fjármagnað 85% fjárfestingaútgjalda en Reykjavíkurborg fjármagnaði sjálf Droplaugarstaði og á því kröfu um leiðréttingu á daggjöldum. Ríkið hefur ekki viljað taka þessa kröfu Reykjavíkurborgar til greina en það er enn og aftur bent á að eðlilegt er að ríkið beri kostnaðinn af málaflokki aldraðra í samræmi við skyldur sínar og tryggi fulla fjármögnun á rekstrinum. Hækkun daggjalda um 3,35% þann 1. maí hefur ekki staðið undir kostnaðarauka vegna Betri vinnutíma í vaktavinnu. Sjá nánar í sundurliðun um fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið í viðauka 3 í greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs með ársreikningi Reykjavíkurborgar 2021.
- Stuðnings- og stoðþjónusta var 355 m.kr. umfram fjárheimildir eða 17%, auk þess sem að Keðjan var 133 m.kr. umfram fjárheimildir. Í greinargerð sviðsins er meðal annars vísað til þess að aukin útgjöld megi rekja til breytinga á leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna samkvæmt lögum nr. 38/2018. Framúrkeyrslan á tímabilinu er vísbending um að útgjöld séu að þróast með afar óhagstæðum hætti. Mikilvægt er að reglur Reykjavíkurborgar rammi inn stefnu borgarinnar og viðeigandi þjónustustig þannig að þjónustan rúmist innan fjárheimilda.
- Útgjöld vegna vistunar barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir voru 635 m.kr. umfram fjárheimildir. Hér er um mjög alvarlega stöðu að ræða þar sem útgjöld hafa hækkað mikið á síðustu árum. Þörf er á frekari stefnumörkun um hvernig tekist er á við þennan vanda, kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og markvissum áætlunum til úrbóta.
- Framlegð Orkuveitu Reykjavíkur (EBITDA / rekstrartekjur) er um 64,6% og hefur styrkst um 4% miðað við sama tímabil í fyrra. Mikilvægt er að framlegð reksturs OR haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs.
- Lán Orkuveitu Reykjavíkur sem hafa eigendaábyrgð nema um 69,6 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 65,0 ma.kr. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun um hvernig þessum ábyrgðum verði mætt ef á reynir.
- Fjármála- og áhættustýringarsvið telur brýnt fyrir borgarsjóð að skilgreint sé þak á erlendar skuldir Orkuveitu Reykjavíkur til lengri tíma, t.d. með hliðsjón af tekjum, framlegð, greiðsluflæði í erlendum myntum eða jafnvægi í efnahag og að sett séu skýr markmið um aðlögun að slíku markmiði. Um leið getur verið ástæða til að skerpa á áskilnaði eigendastefnu um að framkvæmdir séu almennt fjármagnaðar í sama gjaldmiði og tekjur sem af þeim hljóttast.
- Endurskipulagning Sorpu á árinu 2020 er farin að skila sér í bættri afkomu á árinu 2021. Rekstur samlagsins þarf að standa undir fjárfestingum og afborgunum langtímalána.
- Sorpa mun hefja útflutning á brennanlegum straumum til orkuvinnslu árið 2022 og hætta urðun í Álfsnesi að fullu fyrir lok ársins 2023. Þessum breytingum fylgir óvissa og kostnaður sem mikilvægt er að gjaldskrár samlagsins endurspegli. Þrátt fyrir að fyrirtæki hætti urðun í Álfsnesi og hefji útflutning á straumum til brennslu að þá þarf að tryggja aðgang fyrirtækisins að urðunarstað eftir lokun. Sorpa mun alltaf þurfa farveg fyrir strauma sem þurfa að fara í urðun.
- Flestar kennitölur Strætó hafa versnað á milli tímabila vegna Covid-19 og lýsir erfiðri stöðu félagsins. Mikilvægt er að fylgjast með þróun tekna næstu mánaða og grípa til aðgerða ef tekjurnar reynast undir áætlun.


Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A- og B-hluta ⁵



⁵ Árin 2017-2019 miðast Uppgjör samkvæmt eldri reglugerð 1212 en árin 2020 og 2021 miðast við nýjustu breytingar á reglugerð 1212.

2. A-hluti

2.1. Rekstur A-hluta




Rekstur A-hluta (í m.kr.)	Raun 2021	Áætlun	Frávik	%	Raun 2020	Breyting	%
Staðgreiðsla	95.883	89.716	6.168	6,9%	88.635	7.248	8,2%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-12.222	-10.875	-1.348	12,4%	-10.622	-1.600	15,1%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	4.456	2.939	1.517	51,6%	2.747	1.710	62,2%
Nettó útsvar	88.118	81.780	6.338	7,7%	80.760	7.358	9,1%
Fasteignaskattar	20.539	20.587	-48	-0,2%	20.268	270	1,3%
Lóðarleiga	1.840	1.849	-9	-0,5%	1.759	81	4,6%
Afskrifaðir/niðurfærðir fasteignaskattar, breyting	5	0	5		-12	0	
Fasteignaskattar samtals	22.384	22.436	-52	-0,2%	22.016	351	1,6%
Skatttekjur samtals	110.501	104.215	6.286	6,0%	102.775	7.709	7,5%
Framlög Jöfnunarsjóðs	8.762	7.656	1.106	14,4%	8.031	731	9,1%
Þjónustutekjur	11.305	10.975	330	3,0%	9.637	1.667	17,3%
Eignatekjur	25.772	25.663	109	0,4%	23.507	2.265	9,6%
Sala byggingaréttar	3.926	3.709	217	5,9%	1.183	2.743	231,9%
Söluhagnaður eigna	395	401	-6	-1,4%	54	341	629,3%
Endurgreiðslur annarra	6.494	4.939	1.555	31,5%	5.266	1.228	23,3%
Aðrar tekjur	3.053	2.634	419	15,9%	3.573	-519	-14,5%
Milliviðskipti tekin út	-27.942	-25.610	-2.332	9,1%	-25.359	-2.583	10,2%
Rekstrartekjur samtals	142.266	134.582	7.685	5,7%	128.668	16.165	12,6%
Laun og launatengd gjöld	-85.881	-81.100	-4.781	5,9%	-76.349	-9.532	12,5%
Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar við LsRb.	212	-3.500	3.712	-106,1%	-3.317	3.529	-106,4%
Launakostnaður samtals	-85.669	-84.600	-1.069	1,3%	-79.666	-6.003	7,5%
Annar rekstrarkostnaður	-52.564	-54.139	1.575	-2,9%	-49.065	-3.499	7,1%
Afskriftir	-6.529	-6.402	-126	2,0%	-5.877	-652	11,1%
Rekstrargjöld samtals	-144.762	-145.141	379	-0,3%	-134.608	-10.154	7,5%
Fjármagnsliðir	-1.354	-1.388	34	-2,4%	97	-1.451	-1500,6%
EBITDA	4.034	-4.157	8.190	-197,0%	-63	4.097	-6495,2%
EBIT	-2.495	-10.559	8.064	-76,4%	-5.940	3.445	-58,0%
Rekstrarniðurstaða	-3.850	-11.947	8.098	-67,8%	-5.843	1.994	-34,1%

Rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2021 var neikvæð um 3,9 ma.kr. sem var 8,1 ma.kr. betri niðurstaða en áætlað var. Ef frá er tekin halli af rekstri málefna fatlaðs fólks sem nam 7,1 ma.kr. var niðurstaðan jákvæð um 3,2 ma.kr. **Grunnreksturinn**, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, var jákvæð um 4 ma.kr. sem var um 8,2 ma.kr. yfir áætlun.

Tekjur: Skatttekjur voru 110,5 ma.kr. eða 6,3 ma.kr. yfir áætlun, þar af var **staðgreiðsla útsvars** 6,2 ma.kr. yfir áætlun. Hækkun útsvars má einkum rekja til að launavísitala hækkaði um 8,3% milli ára en forsendur fjárhagsáætlunar gerðu ráð fyrir að laun myndu hækka um 5,2%. Fjöldi starfandi í Reykjavík fjölgaði á síðasta ári um 2% og hefur þeim núna fjölgað í síðustu 3 ársfjórðungum miðað við sama ársfjórðung fyrra árs en þar áður hafði þeim fækkað 8 ársfjórðunga í röð. Meðalfjöldi unninna vinnustunda á höfuðborgarsvæðinu árið 2021 lækkaði frá fyrra ári um 1,2 stundir á viku og var tæpar 35,7 vinnustundir en var að meðaltali 38,4 stundir á viku síðustu 5 ár á undan. Tekjur vegna **skattbreytinga ásamt niðurfærslum og afskrift skatttekna** voru 1,5 ma.kr. yfir áætlun og 1,7 ma.kr. hærri en á síðasta ári. **Fasteignaskattar**⁶ voru 22,4 ma.kr. eða 52 m.kr. undir áætlun. **Framlög Jöfnunarsjóðs** vegna málefna fatlaðs fólks voru 1,1 ma.kr. yfir áætlun. **Þjónustutekjur** voru 330 m.kr. yfir áætlun sem rekja má til 106 m.kr. hærri daggjalda en áætlun gerði ráð fyrri auk þess sem tekjur af seldum mat voru um 90 m.kr. yfir áætlun. **Endurgreiðslur annarra**⁷ voru 1,6 ma.kr. yfir áætlun, þar af voru endurgreiðslur frá ríki og öðrum sveitarfélögum 1,4 ma.kr. yfir áætlun og ýmsir styrkir 163 m.kr. yfir áætlun. Mest frávik voru í framfærslustyrk sem var 545 m.kr. yfir áætlun, í uppgjöri sveitarfélaga vegna skólakostnaðar sem var 279 m.kr. yfir áætlun í úrræðum barnaverndar sem var 262 m.kr. yfir áætlun. **Sala byggingarréttar** nam 3,9 ma.kr. og var 217 m.kr. yfir áætlun. **Aðrar tekjur** voru 3,1 ma.kr. eða 419 m.kr. yfir áætlun einkum vegna hærri tekna hjá Upplýsingatækniþjónustu (UTR) og af frístundastarfi hjá Klettaskóla.

Gjöld: Laun og launatengd gjöld námu 85,9 ma.kr. og hafa hækkað um 12,5% frá fyrra ári en voru um 4,8 ma.kr. yfir fjárheimildum sem skýrist meðal annars af Covid-19 tengdum kostnaði, innleiðingar á betri vinnutíma og aukinni eftirspurn eftir velferðarþjónustu en tekjur koma að hluta til á móti auknum launakostnaði á velferðarsviði. **Breyting lífeyrisskuldbindingar v. LsRb**⁸ nam 212 m.kr. tekjufærslu og var 3,7 ma.kr. undir áætlun. Frávikið má aðallega rekja til þess að ávöxtun eigna sjóðsins var töluvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Auk þess sem verðbólga á árinu var hærri en áætlað var. **Annar rekstrarkostnaður** nam 52,6 ma.kr. og var um 1,6 m.kr. yfir fjárheimildum.⁹



Rekstrarniðurstaða A-hluta var um 8,1 ma.kr. betri en áætlað var í endurskoðaðri fjárhagsáætlun sem að stærstum hluta má rekja til hærri staðgreiðslu útsvars og betri ávöxtunar eigna lífeyrissjóðs LsRb en á móti kom aukinn launakostnaður sem að hluta má rekja til Covid aðgerða og aukinnar eftirspurnar eftir velferðarþjónustu.


⁶ Fasteignaskattar A-hluta samanstanda af fasteignasköttum Aðalsjóðs að frádregnum fasteignagjöldum af fasteignum Eignasjóðs.

⁷ Nánari sundurliðun á endurgreiðslum annarra er að finna í umfjöllun um Aðalsjóð í greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta.

⁸ Lífeyrisskuldbinding Reykjavíkurborgar í lífeyrissjóði LsRb hefur frá árinu 2015 verið reiknuð miðað við forsendur útreikninga Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um hækkandi lífslíkur.

⁹ Nánari greiningu rekstrargjalda má finna í greinargerð fagsviða með ársreikningi Reykjavíkurborgar 2021.

Rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2021 og frávik frá upprunalegri áætlun (m.kr.)



Niðurstaða ef byggingaréttarsala, söluhagnaður eigna,

Ef horft er á frávik frá upprunalegri áætlun samborið við frávik frá áætlun með viðaukum felast helstu breytingar einkum í að frávik í launakostnaði eru meiri en frávik í öðrum rekstrarkostnaði og afskriftum minnka. Aðrar tekjur eru örlítið yfir áætlun. Aðrir liðir eru óbreyttir hvort heldur horft er á upprunalega áætlun eða áætlun með viðaukum.

Rekstur málaflokkanna

Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Niðurstaða 2021	Áætlun 2021	Frávik	%	Nettó útgjöld málaflokka í hlutfalli af skatttekjum A-hluta
Fjármála- og áhættustýringarvið	1.339	1.374	-35	-3%	1%
Framlög til B-hluta fyrirtækja	3.864	3.921	-57	-1%	3%
Íþrótt- og tómstundasvið	9.442	9.493	-51	-1%	8%
Menningar- og ferðamálasvið	5.922	5.938	-16	0%	5%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	341	349	-7	-2%	0%
Skrifstofur miðlægrar stjórnýslu	1.660	1.728	-68	-4%	1%
Skóla- og frístundasvið	63.701	60.245	3.457	6%	53%
Umhverfis- og skipulagssvið Aðalsjóðs	10.618	10.352	266	3%	9%
Velferðarsvið án bundinna liða	31.450	30.394	1.056	3%	26%
Velferðarsvið, bundnir liðir	3.898	5.542	-1.644	-30%	3%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	2.492	2.486	6	0%	2%
Sameiginlegur kostnaður án lífeyrisskuldbindinga við LsRb	4.757	4.358	399	9%	4%
Lífeyrisskuldbindingar við LsRb	-212	3.500	-3.712	-106%	0%
Málaflokkar Aðalsjóðs samtals	139.272	139.678	-406	0%	117%
Skatttekjur A-hluta og framlög Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga					119.263
Eignaskrifstofa	-14.846	-14.846	0	0%	
Verkefnastofa þróunarmála	-3.546	-3.358	-189	6%	
Umhverfis- og skipulagssvið Eignarsjóðs	3.008	3.044	-36	-1%	
Málaflokkar Eignarsjóðs samtals	-15.384	-15.159	-224	1%	

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs án lífeyrisskuldbindingar var 3.306 m.kr. yfir fjárheimildum en þar af var skóla- og frístundasvið 3.457 m.kr. yfir fjárheimildum og velferðarsvið án bundinna liða¹⁰ var 1.056 m.kr. yfir fjárheimildum. Í síðari hluta töflunnar má sjá hversu hátt hlutfall af skatttekjum þ.e. útsvari og fasteignaskatti er varið til viðkomandi málaflokka. Nettó útgjöld til þeirra námu 139.272 m.kr. en skatttekjur A-hluta ásamt framlögum frá Jöfnunarsjóði námu 119.263 m.kr.


¹⁰ Bundnir liðir eru fjárhagsaðstoð og húsnæðisstuðningur.

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþyktri fjárhagsáætlun sviðanna og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður niðurstöður ársins 2020, sjá nánar í greinargerð fagsviða.

Aðalsjóður fagsvið	Eining	Raun 2021	Upprunaleg áætlun 2021	Esk áætlun 2021	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2020	Mism. milli ára	%
Fjármála- og áhættustýringarsvið	FÁST	1.339	1.380	1.374	-35	-2,5%	1.214	124	10,2%
Íþróttá- og tómstundasvið	ITR	9.442	9.323	9.493	-51	-0,5%	9.273	169	1,8%
Menningar- og ferðamálasvið	MOF	5.922	5.563	5.938	-16	-0,3%	5.703	219	3,8%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	MOS	341	306	349	-7	-2,1%	290	51	17,7%
Skrifstofur miðlægrar stjórnáslu	RHS	1.660	1.657	1.728	-68	-3,9%	1.537	123	8,0%
Skóla- og frístundasvið	SFS	63.701	58.972	60.245	3.457	5,7%	58.428	5.273	9,0%
Umhverfis- og skipulagssvið	USKRK	10.618	9.415	10.352	266	2,6%	9.643	975	10,1%
Velferðarsvið án bundinna liða	VEL	31.450	28.800	30.394	1.056	3,5%	27.534	3.916	14,2%
Velferðarsvið bundnir liðir	VEL	3.898	5.474	5.542	-1.644	-29,7%	3.716	182	4,9%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	ÞON	2.492	2.355	2.486	6	0,2%	2.261	231	10,2%
Sameiginlegur kostnaður	ÖNN	4.545	10.957	7.858	-3.313	-42,2%	6.514	-1.969	-30,2%
Samtals		135.408	134.203	135.758	-350	-0,3%	126.113	9.295	7,4%


Sveiflukenndir liðir

Á meðal tekna A-hluta eru sveiflukenndir liðir einkum tekjur af sölu byggingaréttar og hagnaður af sölu eigna. Í góðæri og á uppbyggingarskeiðum hækka þessa tekjur oft verulega en dragast saman á samdráttarskeiðum. Á myndinni hér að neðan eru þessar tekjur sýndar síðastliðin 5 ár.




Aðalsjóður og Eignasjóður

Síðustu ár hefur rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs verið neikvæð einkum vegna lífeyrisskuldbindinga á meðan rekstur Eignasjóðs hefur verið jákvæður og þar hafa eignatekjur skipt miklu máli.



2.2. Efnahagur A-hluta

Efnahagur A-hluta (m.kr.)	31.12.2021	31.12.2020	Breyting	%
Óefnislegar eignir - hugbúnaður	2.044	1.223	821	67,1%
Fasteignir og lóðir	134.340	126.230	8.110	6,4%
Götur	28.973	24.829	4.144	16,7%
Áhöld og tæki	5.930	4.752	1.178	24,8%
Leigueignir	5.034	5.535	-501	-9,0%
Langtímakröfur	14.796	14.531	265	1,8%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	8.860	9.233	-373	-4,0%
Veltufjármunir án handb.fjár	21.226	21.136	90	0,4%
Handbært fé	15.276	8.111	7.165	88,3%
Eignir samtals	236.480	215.580	20.900	9,7%
Eigið fé	91.895	91.823	72	0,1%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	34.394	36.934	-2.540	-6,9%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	2.309	2.250	59	2,6%
Langtímalán	75.120	53.679	21.441	39,9%
Leiguskuldir	9.961	10.330	-369	-3,6%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	4.251	3.157	1.094	34,7%
Ríkissjóður, fyrirfram innborgað vegna fjárfestinga	87	115	-28	-24,3%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb. frá Ríkissjóði	18.463	17.292	1.171	6,8%
Skuldir og skuldbindingar samtals	144.585	123.757	20.828	16,8%
Skuldir og eigið fé samtals	236.480	215.580	20.900	9,7%



Hreinar skuldir eru skilgreindar sem allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum langtímakröfum á eigin fyrirtæki, fyrirframgreiddum kostnaði (langtíma), öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.

Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.








Langtímakröfur vegna uppgjörsins við Brú nema nú 8,9 ma.kr. koma ekki til lækkunar vaxtaberandi skulda þar sem þessar kröfur bera ekki vexti enda er um að ræða fyrirframgreiðslur sem koma síðar til gjaldfærslu. Vaxtaberandi kröfur hafa að mestu verið innheimtar á undanförunum árum en þær námu 134 m.kr. í árslok.

Á árinu 2021 má rekja 13 ma.kr. aukningu í hreinum skuldum til 23 ma.kr. lántöku en á móti kom að lífeyrisskuldbinding lækkaði um 2,5 ma.kr. og veltufjármunir jukust um 7,3 ma.kr.


Skuldir og skuldbindingar A-hluta árið 2021								
	Staðan í m.kr.	Staðan 1.1.2021	Lántaka	Afborganir	Verðbreyting	Áfallnar skuldbindingar	Breyting skammtíma-skulda	Staðan 31.12.2021
Lífeyrisskuldbinding*	39.184			-2.269		-212		36.703
Langtímaskuldir*	55.800		22.873	-2.742	2.314			78.246
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki*	12			-9	0			3
Leiguskuldbindingar*	11.354		144	-1.053	638			11.083
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	536						-495	40
Viðskiptaskuldir	5.638						-311	5.326
Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki	728						-173	555
Fyrirframgr. (frá ríki v. Sléttuvegar)	115						-28	87
Ógr. laun og launat.gj., áf. orlof	8.459						1.521	9.980
Aðrar skammtímaskuldir	1.931						631	2.562
	123.757		23.017	-6.073	2.952	-212	1.144	144.585

* ásamt næsta árs afborgunum


Lántökur A-hluta á árinu 2021 námu 23 ma.kr., afborganir lána námu 6 ma.kr. Lífeyrisskuldbinding lækkaði um 212 m.kr. króna umfram afborganir sem einkum má rekja til ávöxtunar eigna sjóðsins.



2.3. Sjóðstreymi A-hluta




Handbært fé frá áramótum til ársloka lækkaði um 7,2 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum greiddum gatnagerðargjöldum og byggingarrétti námu 10,8 ma.kr. Lántaka ársins nam 22,9 ma.kr., þar af nam útgáfa grænna skuldabréfa 6,3 ma.kr. Afborganir lána og leiguskulda námu 3,8 ma.kr. Innstreymi fjármagns vegna langtímakrafna skýrist að mestu af uppgreiðslu eigendalána Orkuveitu Reykjavíkur við Reykjavíkurborg.



Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum nam 0,3% á árinu 2021. Vegna aukinna útgjalda hefur veltufé frá rekstri dregist umtalsvert saman.

Greiðslugeta A-hluta að meðtöldum fjárfestingatekjum gagnvart fjárfestingum, afborgunum lána og lífeyrissjóðsframlagi.












Greiðslugeta A-hluta vegna afborgana, fjárfestinga og framlags vegna lífeyrisskuldbindinga hjá LsRb er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta sl. 5 ár:¹¹


A-hluti	2017	2018	2019	2020	2021
Eiginfjárhlutfall	46,1%	47,1%	46,5%	42,6%	38,9%
Arðsemi eigin fjár	6,5%	5,5%	1,4%	-6,1%	-4,2%
Veltufjárhlutfall	1,27	1,23	1,17	1,28	1,45
Langtímaskuldir/eigið fé	55,1%	54,4%	56,7%	69,7%	92,6%
Uppgreiðslutími	5	4	5	13	242
Skuldaviðmið skv sveitarstj lögum	44%	49%	52%	56%	61%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	8%	11%	10%	4%	0%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	8%	8%	5%	0,0%	2,8%

¹¹ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum ársreikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í ársreikningi sé breytt.

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A-hluta



2.4. Fjármagnsliður A-hluta




Fjármagnsliður A-hluta samanstendur af fjármagnslið Aðalsjóðs og Eignasjóðs.


Fjármagnsliður A-hluta var neikvæður um 1.355 m.kr. á árinu sem er 34 m.kr. betri niðurstaða en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Fjármunatekjur A-hluta voru 4.975 m.kr. sem er 1.178 m.kr. umfram áætlun ársins 2021. Betri niðurstaða skýrist einna helst af hærri arðgreiðslum en gert var ráð fyrir eða 953 m.kr. en einnig af góðri ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár en hún var 97 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir. Aðrar fjármagnstekjur voru 129 m.kr. betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.


Fjármunsgjöld A-hluta voru yfir áætlun en þau voru 6.329 m.kr. í stað 5.185 m.kr. í áætlun sem er 1.144 m.kr. umfram áætlun. Skýrist það af 972 m.kr. hærri vaxta- og verðbóttagjöldum en einnig af 205 m.kr. hærri fjármagnstekjuskatti, m.a. vegna uppgreiðslu OR á eignaláni.




Handbært fé A-hluta í lok árs 2021 var 15.276 m.kr. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að staða á handbæru fé yrði 6.126 m.kr. í lok árs. Handbært óx framtíðir ári en lækkaði á seinasta ársfjórðungi frá þriðja ársfjórðungi og er það í takti við hefðbundna árssveiflu.



Ávöxtun á handbært fé var umfram áætlun á árinu 2021 og var 303 m.kr. samanborið við 218 m.kr. sem áætlunin hljóðaði upp á. Skuldabréfasafn Reykjavíkurborgar skilaði 3,45% ávöxtun á árinu en safnið er í umsjón Íslenskra verðbréfa hf. Staða skuldabréfasafnsins í árslok 2021 var 7.284 m. kr.




Reykjavíkurborg ávaxtar allt laust fé miðað við sjóðsþörf A-hluta á hverjum tíma og velur ávöxtunarleið samkvæmt reglum um fjárstýringu og þau kjör sem bjóðast og er þannig reynt að hámarka ávöxtun handbærs fjár A-hluta. Meginvextir Seðlabankans voru lágir framan af ári en tóku að hækka um mitt ár.




Skuldabréfaútgáfa Reykjavíkurborgar nam 22.873 m.kr. á árinu 2021, þar af voru 4.790 m.kr. gefin út í nýjum stuttum óverðtryggðum skuldabréfaflokki Reykjavíkurborgar RVKN 24 1 og 6.318 m.kr. í grænu skuldabréfaflokkunum RVKG 48 1 og RVKNG 40 1. Samhliða ársreikningi borgarinnar er gefin út áhrifaskýrsla um árangur grænna fjárfestinga (Green Bond Impact Report 2021). Í henni kemur fram umhverfislegur árangur þeirra verkefna sem fjármögnuð eru með grænum skuldabréfum.

Verðtryggð skuldabréfaútgáfa A-hluta eru 64% og lækkaði hlutfallið á árinu. Verðtryggð skuldabréfaflokkurinn RVK 53 1 stærstur eða 36%. Óverðtryggð skuldabréf voru tæp 36% af skuldabréfaútgáfu í lok árs 2021 en áhersla var lögð óverðtryggða útgáfu á árinu og hækkaði hlutfall óverðtryggðra lána úr 25% í 36%.



Greiðslur afborgana og vaxta af útgefnum skuldabréfum A-hluta námu samtals 5.815 m.kr. á árinu. Myndin hér að ofan sýnir framtíðargreiðsluferil útgefninga skuldabréfa á áætluðu verðlagi hvers árs út frá forsendum fjárhagsáætlunar 2022-2026.

Virkir vextir af langtímalánum eru vegnir vextir hvarrar útgáfu af heildarútgáfu í sérhverjum skuldabréfaflokki. Virkir vextir óverðtryggðra lána lækkuðu og standa nú í 4,41%. Virkir vextir verðtryggðra lána lækkuðu einnig lítillega og eru nú 3,02%. Lækkun virkra óverðtryggðra vaxta nam 0,37% á árinu, úr 4,78% í 4,41%. Lækkun virkra verðtryggðra vaxta nam 0,38% á árinu 2021, úr 3,40% í 3,02%.



Lán til B-hluta fyrirtækja voru tvö eigendalán sem Reykjavíkurborg veitti Orkuveitu Reykjavíkur, það fyrra árið 2011 og seinna árið 2013. Orkuveita Reykjavíkur greiddi upp eldra lánið á árinu 2020, rúma 6.000 m.kr. og greiddi yngra lánið upp á 1. ársfjórðungi 2021, alls 3.359 m.kr.

2.4.1. Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhætta sem snýr að fjármagnslið A-hluta er **verðbólguáhætta**. Skuldir borgarinnar eru að mestu leyti verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir en þær eru að megninu til í verðtryggðum markaðsskuldabréfum í verðbréfasafni í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu. Kostnaðurinn vegna aukinnar verðbólgu hefur verið metinn á bilinu 555 m.kr. á tímabili fyrir hvert prósentustig sem verðbólga fer umfram áætlaða verðbólgu í fjárhagsáætlun.

Lausafjárahætta er önnur áhætta sem Reykjavíkurborg fylgist vel með. Reglur Reykjavíkurborgar um fjárstýringu kveða á um að tryggt skuli vera að Reykjavíkurborg eigi ávallt aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs og tekur skuldastýring og ávöxtun handbærs fjár mið af því. Reykjavíkurborg er ekki með neinar virkar lánalínur en hafði aðgang að yfirdráttarláni að fjárhæð 6 milljarðar í lok árs 2021. Yfirdráttarheimildir voru nýttar að litlu leyti á árinu 2021 til að tryggja virka lausafjárstýringu.

2.4.2. Aðgerðir fjármála- og áhættustýringarsviðs til að bæta fjárstýringu A-hluta

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur á síðustu árum unnið kerfisbundið að því að taka upp virka stýringu lána og lausafjár með tillögum um breytingar á fjárstýringarreglum, verklagi og heimildum fjármálastjóra innan þeirra marka sem sveitarstjórnarlög veita. Hér að neðan er listi yfir helstu aðgerðir í þessum efnum:


1. Fjármála- og áhættustýringarsvið fékk heimild borgarráðs í mars 2015 til að stofna skuldabréfaflokkinn RVKN 35 1 sem er óverðtryggður skuldabréfaflokkur með lokagjalddaga í mars 2035. Tilgangurinn með þessari aðgerð var að draga úr verðbólguáhættu og vægi verðtryggðra skulda hjá A-hluta, en einnig til að auka sveigjanleika í fjármögnun og stytta í meðallíftíma skulda þar sem mikill meirihluti skulda var með lokagjalddaga í desember 2053. Skuldabréf að nafnvirði 5.725 m.kr. voru gefin út í þessum skuldabréfaflokki á árinu 2021.
2. Fjármála- og áhættustýringarsvið fékk heimild borgarráðs í febrúar 2017 til að kaupa hlutdeildarskírteini í lausafjárjóðum þar sem fjárfestingarstefna þeirra er í takti við fjárfestingarheimildir sem settar eru í reglum um fjárstýringu. Tilgangurinn var að auka sveigjanleika í daglegri lausafjárstýringu með auknum valmöguleikum og minni bindingu en í tilfelli bundinna innlána og peningamarkaðsinnlána án þess að gefa afslátt á ávöxtunarkröfu. Velta í

lausafjársgjöldum nam 4.000 m.kr. á árinu 2021 sem er verulega minna en árið áður. Ávöxtun þessara sjóða lækkaði talsvert á milli ára. Peningamarkaðsinnlán hjá viðskiptabönkunum voru að mestu nýtt við lausafjárávöxtun árið 2021.

3. Fjármála- og áhættustýringarsvið fékk heimild borgarráðs í nóvember 2017 til að stofna skuldabréfaflokkinn RVK 32 1 sem er verðtryggður skuldabréfaflokkur með lokagjalddaga í október 2032. Tilgangurinn með stofnun RVK 32 1 var að auka valmöguleika í lántöku og stytta meðallíftíma lána sem og að auka valmöguleika fjárfesta og mæta eftirspurn á markaði eftir meðallöngum skuldabréfum. Skuldabréf að nafnvirði 7.523 m.kr. voru gefin út í þessum skuldabréfaflokki á árinu 2021.
4. Í september 2018 hóf fjármála- og áhættustýringarsvið undirbúningsvinnu við útgáfu grænna skuldabréfa, RVKG 48 1. Sú vinna fól í sér að fjármála- og áhættustýringarsvið í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið og Circular Solutions ehf. útbjó grænan skuldabréfaramma (Green Bond Framework) sem tilgreinir hvernig umhverfisvæn verkefni eru valin og fjármögnuð með útgáfu grænna skuldabréfa. Skuldabréf að nafnvirði 1.000 m.kr. voru gefin út í þessum skuldabréfaflokki á árinu 2021.
5. Í desember 2020 gaf Reykjavíkurborg út nýjan óverðtryggðan grænan skuldabréfaflokk RVKNG 40 1 með lokagjalddaga í ágúst 2040. Tilgangur útgáfunnar er að auka valmöguleika í grænni fjármögnun og auka vægi óverðtryggðra skulda. Skuldabréf að nafnvirði 5.310 m.kr. voru gefin út í þessum flokki á árinu 2021.
6. Í maí 2021 gaf Reykjavíkurborg út nýjan óverðtryggðan stuttan skuldabréfaflokk. Skuldabréfið er vaxtagreiðslubréf með lokagjalddaga 11. maí 2024 og tveimur vaxtagjalddögum á ári. Nafnvextir skuldabréfsins eru 3%. Tilgangurinn með þessari útgáfu var að bregðast við fjárþörf til skemmri tíma vegna viðbragða Reykjavíkurborgar við kórónufaraldrinum, að auka vægi óverðtryggðrar fjármögnunar og ná til breiðari hóps fjárfesta. Skuldabréf að nafnvirði 4.790 m.kr. voru gefin út í þessum flokki á árinu 2021 og ekki gert ráð fyrir frekari útgáfu í þessum flokki.

2.5. Skattspor A-hluta

Skattsporið samanstendur af sköttum til ríkisins sem voru gjaldfærðir í rekstri A-hlutans og þeim sköttum og gjöldum sem innheimtir voru og staðin voru skil á vegna starfseminnar. Samtals námu skattar til ríkisins umfram endurgreiðslur 7.924 m.kr. og hækkuðu um 430 m.kr. samanborið við árið 2020.



Stærsti liðurinn var tryggingargjald af launum sem nam 4.808 m.kr. og hækkaði um 496 m.kr. milli ára.

Annar stærsti liður var innskattur sem ekki fæst endurgreiddur sem nam 4.450 m.kr. en hann var tilkominn vegna kaupa á vörum og þjónustu sem nýtt voru í óskattskyldum rekstri borgarinnar. Hann hækkaði um 361 m.kr. samanborið við síðasta ár.

Endurgreiddur virðisaukaskattur til opinberra aðila nam 1.629 og hækkaði um 149 m.kr. milli ára. Þar var um að ræða endurgreiddan virðisaukaskatt sem sveitarfélög ofl. opinberir aðilar fá vegna kaupa af tilteknum aðföngum s.s. af sorphreinsun, ræstingu, sjómokstri, sérfræðipjónustu og fleiri liðum í samræmi við reglugerð nr. 248/1990.

Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra. Með framsetningu á kennitölum má á samanþjappaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio): Hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvextir á skuldabréfum í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbendingu um hvort jafnvægisregla skv. sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

Arðsemi fjármagns (Return on Capital Employed (ROCE))

Mælt sem hlutfall EBIT af heildareignum. Sýnir arðsemi þess fjármagns sem bundið er í rekstrinum.

EBIT

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og skatta.

EBITDA

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir og endurmat.

Framlegð (EBITDA) og veltufjórhlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Ef miðað er við 150% skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma. Þá er í viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 5% af heildarskuldum og þær séu fjármagnaðar með lántöku, þannig að skuldir og skuldbindingar verði áfram 150% af tekjum.

Eiginfjórhlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigins fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tappól fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjórhlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almennt hefur 50% eiginfjórhlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjórhlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lánadrottnum, þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjórhlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrek iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjórhlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjórhlutfall samstæðunnar.

FFO mælikvarði (Funds from operation)

FFO er mælikvarði á veltufé frá rekstri sem skilgreindur hefur verið af Moody's og notaður er við mat á fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Hann er reiknaður sem veltufé frá rekstri án vaxta og skatta, að viðbættum vaxtatekjum og tekjum af arðgreiðslum, en að frádregnum gjaldfærðum vöxtum, eignfærðum vöxtum, greiðslum vegna annarra fjármagnsliða og tekjuskatti.

FFO vaxtaþekja

FFO vaxtaþekja mælir getu Orkuveitu Reykjavíkur til að standa við vaxtagreiðslur félagsins með handbæru fé þess. Hann er reiknaður með handbæru fé frá rekstri í sjóðstreymi að viðbættum vaxtagjöldum, deilt með vaxtagjöldum úr rekstrarreikningi.

FFO/nettó skuldir

FFO/nettó skuldir er mælikvarði sem einnig hefur verið skilgreindur af Moody's. En þar er hlutfall FFO vaxtaþekju fundið með heildar nettó skuldum. Nettó skuldir eru skilgreindar neðar.

Handbært fé í lok tímabils

Handbært fé í lok tímabils lýsir þeirri peningamyndun sem reksturinn skilar af sér á tímabilinu þegar búið er að taka tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum, fjárfestingahreyfinga og fjármögnunarhreyfinga.

Hreinar skuldir og skuldbindingar

Hreinar skuldir og skuldbindingar eru skilgreindar sem heildarskuldir og skuldbindingar að frádregnum veltufjármunum og langtímakröfum. Hreinar skuldir lýsa þannig skuldastöðu A-hluta þegar tekið hefur verið tillit til peningalegra eigna.

Hreinar vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir að frádregnum vaxtaberandi eignum. Það eru langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfum, bundnum bankainnstæðum og handbæru fé.

Jafnvægisviðmið

Skv 64 gr sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga segir að orku- og veitufyrirtæki séu ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu ef sveitarstjórn óskar þess og það hefur umtalsverð áhrif á niðurstöðun. Þetta ákvæði gildir til 1. janúar 2022.

RFC/nettó skuldir

RFC er FFO að frádregnum arðgreiðslum. Mælikvarði er reiknaður eins og FFO/nettó skuldum nema leiðrétt fyrir greiddum arði félagsins.

Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lyklatríði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrækum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lágt hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

Skuldaviðmið

Skuldaviðmið er reiknað sem hlutfall skulda og skuldbindinga að frádregnum veltufjármunum, fyrirfram greiðslu til Brúar vegna framtíðarskuldbindinga og núvirtum framtíðar lífeyrisskuldbindingum eftir 15 ár á móti tekjum, í samræmi við reglugerð nr. 502/2012, með síðari breytingum. Orku- og veitufyrirtæki eru ekki tekin með við mat á fjárhagsstöðu ef sveitarstjórn óskar þess og það hefur umtalsverð áhrif á niðurstöðu. Þetta síðasttalda ákvæði gildir til 1. janúar 2022.

Skuldaþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarpörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrækum greinum þarf hærra hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR og Félagsbústöðum

undanskildum er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd skuldaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Uppgreiðslutími langtímaskulda (Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda á móti veltufé frá rekstri. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

Vaxtaþekja (Interest expence coverage ratio)

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum, er oft notuð til að mæla getu fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd vaxtaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum (Working capital provided by operating activities/Total revenue)

Mælt sem hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum. Kennitalan gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna.

Veltufjárhluftall (Current ratio)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til samstæðunnar.

Veltufjármunir (Current assets)

Veltufjármunir er sérstök flokkun eigna í ársreikningi. Um er að ræða eignir sem hægt er að breyta í reiðufé eða ráðstafa innan eins árs. Veltufjármunir eru sjóðir, bankainnistæður, birgðir og aðrar skammtímakröfur.

(m.kr.)	A-hluti	Aftvaki	Faxeflæðahafnir	Félagsbústaðir	Málbikunar- stöðin Höfði	Íþróttar- og sýningahöllin	Jafnlínumastofa sf.	Orkuveita Reykjavíkur	Slíkkvilljó höfuðbss.	Sorpa	Strætó	Þjófbarntekvangur	A- og B-hluti
		95,70%	75,56%	100,00%	100,00%	50,00%	50,00%	93,539%	60,82%	59,00%	60,30%	50,00%	-
<i>Eignarhlutur Rvk</i>	-												
Rekstrartekjur	142.266	0	4.145	5.123			0	51.890	4.098	4.588	8.603	5	202.599
Rekstrargjöld	144.762	0	3.306	2.856			1	31.657	3.711	4.128	8.967	10	181.811
Afskriftir	6.529	0	815	20			0	13.252	122	330	251	0	21.052
Fjármagnslíðir	-1.354	0	12	-3.408			0	-4.056	-14	-129	-76	0	-12.899
EBIT	-2.495	0	839	2.267			0	20.253	386	460	-364	-5	20.787
EBITDA	4.034	0	1.654	2.287			-1	33.510	508	791	-112	-5	41.840
Hagnaður (- tap)	-3.850	0	851	18.491	14	61	-1	12.040	372	331	-439	-5	23.402
Fastafrámunir	199.978	2	13.836	124.086	1.052	2.795	0	373.279	2.252	7.954	2.425	0	706.919
Veltufjármunir	36.502	9	2.337	2.361	796	648	0	40.603	891	1.028	836	0	83.647
Heildareignir	236.480	11	16.173	126.447	1.847	3.443	0	413.882	3.143	8.983	3.261	0	790.566
Skammtímaskuldir	25.110	0	548	1.917	194	110	0	29.069	539	1.302	1.162	11	57.892
Langtímaskuldir	85.081	0	0	51.263	90	2.146	0	153.564	200	2.240	1.256	0	293.363
Skuldabindingar	34.394	0	0	73	59	268	0	17.596	0	444	0	0	56.048
Heildarskuldir	144.585	0	548	59.136	343	2.524	0	200.229	739	3.986	2.417	11	407.302
Eigið fé 1/1	91.823	11	14.876	48.820	1.491	745	0	188.126	2.032	4.165	1.283	-5	337.795
Eigið fé 31/12	91.895	11	15.625	67.311	1.505	919	0	213.653	2.404	4.996	844	-10	383.264
Skuldir og eigið fé	236.480	11	16.173	126.447	1.847	3.443	0	413.882	3.143	8.983	3.261	0	790.566
Handbært fé frá rekstri	-3.995	0	1.474	1.210	181	253	-1	25.582	566	1.214	99	-2	21.604
Fjárfestingareyfiingar	-7.477	0	-26	-4.358	-47	-80	0	-17.140	-28	-410	-271	0	-31.832
Ný langtímalán, leigisamm. og stofnframlög	23.017	0	0	9.823	150	0	0	14.352	0	0	300	0	42.160
Greiddar arborgantar	-3.803	0	0	-1.192	-30	-45	0	-22.318	-13	-230	-39	0	-2.614
Framlag v. lífeyrisskuldabindnar	-2.269	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-2.305
Nýtt framlag eigenda	0	0	0	0	0	0	1	0	0	500	0	0	0
Greiddur arður	0	0	-103	0	0	0	0	4	0	0	0	0	-258
Staða á handbæru fé 31/12	15.276	0	1.909	1.590	316	536	0	10.320	757	449	466	0	30.424
Veltufé frá rekstri	369	0	1.626	1.211	124	307	-1	22.412	504	740	-139	-5	26.104
Eiginfjárluþfall	38,9%	48,5%	96,6%	53,2%	81,5%	26,7%		51,6%	76,5%	55,6%	25,9%		48,5%
Arðsemi eigin fjár	-4,2%	7,2%	5,7%	37,9%	0,9%	8,2%		6,0%	18,3%	7,9%	-34,2%		7,2%
Veltufjárluþfall	1,45	1,44	4,26	1,23	4,10	5,87		1,30	1,65	0,79	0,72		1,44
Langtímaskuldir/eigið fé	92,6%	76,5%	0,0%	76,2%	6,0%	233,6%			8,3%	44,8%	148,8%		76,5%
Vaxtabekja, EBIT/netto vextir				2,09									
Skuldabekja, EBIT/(gr. afb.-netto vextir)				1,00									
Uppgreiðslutími	242,30	12,04	0,00	43,33					0,42	3,35	-9,71		12,04
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	0,3%	12,9%	39,2%	23,6%					12,3%	16,1%	-1,6%		12,9%
Framlegð/rekstrartekjur	2,8%	20,7%	39,9%	44,6%					8,6%	17,2%	-1,3%		20,7%

Skýringar

Eiginfjárluþfall Eigið fé á móti heildarfjármagni. Sýnir fjárhagslegan styrk fyrirtækis (tapból).

Arðsemi eigin fjár Hagnaður á móti eigið fé. Segir til um ávöxtun eigin fjár í fyrirtæki
Veltufjárluþfall Veltufjármunir á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis að inna af hendi skuldagreiðslur á næstu mánuðum.

Langtímaskuldir / eigið fé Langtímaskuldir á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skuldsetningu fyrirtækis.

Vaxtabekja, EBIT/netto fjárm. Rekstrarniðurstæða fyrir fjármagnslíði á móti vaxtagreiðslum

Skuldabekja, EBIT/(gr. afb.-netto fjárm.) Rekstrarniðurstæða fyrir fjármagnslíði á móti atvörðunum og vaxtagreiðslum

Uppgreiðslutími skulda (gr) Langtímaskuldir á móti veltufé frá rekstri.

Í töflunni hér að ofan eru fyrirtækin sýnd í samræmi við ársreikning þeirra en ekki hlutfall þeirra í samanteknum ársreikningi Reykjavíkurborgar.

Viðauki 2: Lánveitendur A- og B-hluta

Lánveitendur	(í m.kr.)	A-hluti	A- og B-hluti
ABSEK			1.565
Arion			169
CEB			9.621
Depfa ACS Bank			9.173
EIB			29.153
Ergo kaupleiga			11
EURO HYPO			2.362
Faxaflóahafnir		3	1
Fagfjárfestastjóðurinn ÍSH			2.193
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun			18.653
Íslandsbanki			7.350
Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga		145	919
Landsbankinn			6.139
Lánasjóður sveitafélaga			11.855
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitafélaga			3.651
Munck Finance Iceland ehf.			120
NIB			12.814
Skuldabréfaútgáfa OR			83.747
Skuldabréfaútgáfa Félagsbústaða			22.747
Skuldabréfaútgáfa RVK 53 01		30.945	30.945
Skuldabréfaútgáfa RVKN 32 1		11.484	11.484
Skuldabréfaútgáfa RVKN 35 1		13.824	13.824
Skuldabréfaútgáfa RVKN 48 1 (Græn skbr.)		8.438	8.438
Skuldabréfaútgáfa RVKN 40 1 (Græn skbr.)		8.661	8.661
Skuldabréfaútgáfa RVKN 24 1		4.745	4.745
Stofnframlög			3.698
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda		2	2
Lántaka A- og B-hluta:		78.249	304.040
Leiguskuldir		11.083	12.803
Lántaka og leiguskuldir A- og B-hluta		89.332	316.843

Viðauki 3: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið

Málefni fatlaðs fólks Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 16.440 m.kr. og tekjur sem komu á móti voru 9.385 m.kr. Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 7.055 m.kr. eða á 509 mkr. innan fjárheimilda.

Málefni fatlaðs fólks janúar - desember 2021			
Tekjur:	í m.kr.	Rauntölur	Áætlun
Framlag frá Jöfnunarsjóði		6.794	5.726
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. NPA þjónustu		294	224
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. lengdrar viðveru		74	50
Útsvarstekjur 0,25% RVK		1.651	1.545
Þjónustutekjur		235	108
Dagþjónusta við önnur sveitarfélög		337	53
Tekjur alls		9.385	7.705
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		10.338	9.370
Húsaleiga		491	461
Annar rekstrarkostnaður		431	937
NPA þjónusta		1.100	1.079
Þjónustugjöld (samningar)		3.289	2.690
Stjórnunarkostnaður		53	53
Lengd viðvera ÍTR		172	183
Lengd viðvera SFS		566	496
Gjöld alls		16.440	15.269
Niðurstaða		-7.055	-7.564

Hjúkrunarheimili Útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur hafa verið mikill síðustu ár. Þegar Reykjavíkurborg tók að sér að annast rekstur hjúkrunarheimila fyrir hönd ríkissjóðs var gert ráð fyrir að rekstur hjúkrunarheimilanna yrði að fullu fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Árið 2021 var rekstur hjúkrunarheimila neikvæður um 337 m.kr. Meðfylgjandi mynd sýnir uppsöfnuð útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur á árunum 2008-2021.

Hjúkrunarheimili Reykjavíkurborgar			
Útgjöld umfram tekjur 2008-2021 (í m.kr. á verðlagi hvers árs)			
Ár	Droplaugarstaðir	Seljahlíð	Samtals
2008	157	57	214
2009	200	74	274
2010	166	68	234
2011	84	70	154
2012	135	80	215
2013	137	103	240
2014	156	113	270
2015	138	131	269
2016	158	98	256
2017	185	86	270
2018	170	86	256
2019	187	120	306
2020	315	133	448
2021	208	129	337
Samtals	2.396	1.348	3.744

Tónlistarskólar Útgjöld voru um 1.388 m.kr. eða 52 m.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld fyrir kennslustundir sem Reykjavíkurborg kaupir voru 1.111 m.kr. hjá tónlistarskólum vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik. Fyrir kennslustundir sem ríkið kaupir í gegnum Jöfnunarsjóð voru útgjöld 277 m.kr.

Viðauki 4: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 1.106 m.kr. meira en áætlað var og greiðir 1.348 m.kr. meira en áætlað var inn í sjóðinn:

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2021	Áætlun 2021	Frávik	%
Hlud. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	5.347	4.758	590	12,4%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	6.875	6.117	758	12,4%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	12.222	10.875	1.348	12,4%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2021	Áætlun 2021	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	6.794	5.726	1.068	18,7%
Framlag vegna sérskóla	1.555	1.555	0	0,0%
Framlag vegna tónlistarskóla	280	275	5	2,0%
Annað	132	100	32	31,8%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	8.762	7.656	1.106	14,4%
Nettó greiðslur í Jöfnunarsjóð	-3.460	-3.218	-242	7,5%